



## Samkomulag um aukna byggðafestu á Bakkafirði

Eftirtaldir aðilar gera með sér samning um samstarf við nýtingu á 34.249,5 þorskígildiskg. aflamarki fiskveiðíárið 2020/2021 auk mótfamlags samstarfsaðila Byggðastofnunar samkvæmt grein 4 og fylgiskjali með samningi þessum, í því skyni að treysta byggðafestu á Bakkafirði. Samningur þessi gerður á grundvelli reglugerðar 643/2016 (*Reglugerð um ráðstöfun og meðferð af laheimilda samkvæmt 10. gr. a laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða*), umsóknar útgerðar- og fiskvinnsluaðila dags. 12. nóvember 2020 og samþykktar stjórnar Byggðastofnunar 19. febrúar 2021.

Aðilar að samningi þessum eru:

- Byggðastofnun kt.450679-0389, Sauðármýri 2, 550 Sauðárkrúki
- Bjargið ehf. kt.480304-2760, Hafnargata 4, 685 Bakkafjörður.
- Hróðgeir hvíti ehf kt.660404-3330, Hafnargötu 17, 685 Bakkafjörður.
- Brattanes ehf. kt.480620-2320, Kötlnesvegi 3, 685 Bakkafjörður.

1.

Meginmarkmið samnings þess er að auka byggðafestu á Bakkafirði. Í því skyni stefna samningsaðilar að stöðugri heilsárs fiskvinnslu, að skapa og viðhalda sem flestum heilsársstörfum fyrir karla og konur við veiðar, vinnslu og afleidda starfsemi á Bakkafirði.

2.

Samningurinn gildir fyrir fiskveiðíárið 2020/2021 og er einskiptisaðgerð sem verður ekki framlengd.

3.

Bjargið ehf starfrækir fiskvinnslu að Hafnargötu 2 og 4 á Bakkafirði. Aðrir umsækjendur eru útgerðaraðilar og munu þeir landa afla sínum á Bakkafirði. Full jafnræði verður í gildi milli aðila sem koma að verkefninu.

4.

Byggðastofnun leggur til 34.249,5 þorskígildiskg. aflamark af Aflamarki Byggðastofnunar fiskveiðíárið 2020/2021. Samningsaðilar skuldbinda sig til þess að leggja fram sambærilegt magn af bolfiski og vinna á Bakkafirði.

5.

Framsal aflamarks sem úthlutað er samkvæmt samningi þessum er óheimilt, en þó skulu heimil jöfn skipti á aflamarki í þorskígildum talið.

6.

Verði þær breytingar á högum samstarfsaðila að þeir geti ekki uppfyllt ákvæði samningsins skal tilkynna það til Byggðastofnunar eins fljótt og auðið er.

7.

G.S  
B.I  
MPL

Byggðastofnun er heimilt að afturkalla úthlutun aflamarks samkvæmt samningi þessum hafi ákvæði hans og/eða reglugerðarinnar verið brotin sbr. 9. grein reglugerðarinnar. Séu brotin alvarlegs eðlis er Byggðastofnun heimilt að rifta samningi þessum einhliða. Sé Úthlutað aflamark nýtt á óheimilan hátt samkvæmt samningi þessum eða reglugerð skal útgerðaraðili skila aflamarki aftur til Byggðastofnunar.

8.

Byggðastofnun er heimilt að birta samning þennan á heimasiðu sinni.

Fylgiskjöl með samningi þessum eru:

1. Umsókn um aflamark Byggðastofnunar dags. 12.nóvember 2020.
2. Samkomulag vinnslu og útgerðaraðila á Bakkafirði með nánari útfærslu á skiptingu aflamarks á milli aðila og verðlagningu dags. \_\_\_\_\_. mars 2021

Bakkafirði 11. mars 2021

\_\_\_\_\_  
f.h. Byggðastofnunar

Jón Bjarnason.

f.h. Bjargið ehf.

Gunnlaugur Steenasson

f.h. Brattaness ehf.

Birgir Þorvarðsson

f.h. Hróðgeir hvíti ehf.

Vottar að undirskrift (nafn og kt.)

Jón Bjarni Sig.  
011077-3749

Hröðgeir  
010571-3169